

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 06.02.2025

Verkefnaráð	1
Ráðgjafinn – Virkni og ráðgjöf	3
Hlaðan - kynning	5

Verkefnaráðsfundur 06.02.2025

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2024 - Kynningar
Dagsetning 06.02.2024	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Jörgen Sandholt, Ólafur Sólímánn Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Þröstur Sigurðsson, Magnús Bergur Magnússon og Kristjana Nanna Jónsdóttir	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Harpa Atladóttir/Eva Björk Björnsdóttir	

Fimmtudagur 06.febrúar 2025, kl.09:30 – 10:30– 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

09:30 -09:35 Samstilling

09:35–09:55 Ósk um fjármagn: Ráðgjafinn – Virkni og ráðgjöf : Magnús Bergur Magnússon

09:55–10:00 Umræður

10:00–10:20 Kynning vörustjóra - Hlaðan: Kristjana Nanna Jónsdóttir

10:20-10:30 Umræður

10:30 Fundi slitið

Ráðgjafinn – Virkni og ráðgjöf

Ósk um fjármagn

Í stuttu máli um kerfin og verkefnið:

Ráðgjafinn er kerfi velferðasviðs sem heldur utanum samskipti og sögu þjónustu ráðgjafa við þjónustugega. Upphaflega var kerfið þróað til að svara þjónustubörf og umsýslu við fullorðið fatlað fólk en það er verið að fjölga málaflokkum til að einfalda vinnuumhverfi starfsfólks og á endanum útleiða úrelta málaskrá sviðsins. Málaflokkarnir eru fjórir: fatlað fólk, aldraðir, börn og fjölskyldur, virkni og ráðgjöf. Málaflokkur fatlaðs fólks er kominn í notkun inni Ráðgjafanum og nú er í þróun málaflokkur virkni og ráðgjafar sem mun færa okkur nær því að geta útleitt gömlu málaskrána.

Auk þess að þróa þann málaflokk er nauðsynlegt að vinna í ýmissi stoðvirkni líkt og flutningi á bakenda Ráðgjafans og flutning á framenda Ráðgjafans sem ber nafnið **Stoð** yfir á **Mínar síður**. Málaflokkur fatlaðs fólks er nú þróaður í kerfinu IBM Webmethods en óskað er eftir flutningi í .net umhverfi þar sem aðrir málaflokkar eru. Sá flutningur mun bæta þróunargetu og auka samlegð við **Búa**, Búi er heildarviðmót fyrir starfsmenn borgarinnar til þess að halda utan um mál íbúa sem þurfa á hverskyns þjónustu að halda frá borginni. Flutningur á framendanum Stoð yfir á Mínar síður mun auðvelda samskipti við íbúa sem þarfnast þjónustu.

Hér fyrir neðan verður farið yfir þær breytingar sem þarf að fara í til þess að hægt sé að færa fyrrnefndan málaflokk á milli kerfa.

Búið er að gera:

- Áskorunarramma.
- Halda vinnustofur með hagaðilum.
- Taka rúmlega 15 notendaviðtöl.
- Vörusýn – Teikna upp framtíðarsýn Ráðgjafans.
- Gloppugreiningu – framkvæmd árið 2024.

Með verkefninu á m.a að:

- Færa málaflokkinn Virkni og ráðgjöf úr gömlu málaskrá Velferðarsviðs yfir í Ráðgjafann en til þess að útleiða málaskrá er mikilvægt að halda áfram innleiðingu málaflokka inn í Ráðgjafann.
- Færa bakenda Ráðgjafans úr Webmethods yfir í .net þar sem við getum stjórnað umhverfinu, aðrar vörur ÞON líkt og Búi eru komar yfir í þetta kerfi. Með þessari yfirfærslu verður þróunargeta stórbætt og meiri samlegð við Búa.

Fjárhagslegur ábati við útleiðingu Málaskrár í heild sinni:

Leyfisgjöld

- Devdom - þróunarþjónn Lotus Velferðarkerfa - 1 leyfi - 742.674 kr
- Secdom - raunþjónn Lotus Velferðarkerfa - 1 leyfi - 57.050.158 kr
- Lotus Notes hefðbundið - 807 leyfi - 13.095.132 kr

Rekstrargjöld

- Laun vegna 2,5 stöðugilda - 54 m.kr.

Annar ábati

- Öryggi mun aukast í nýju kerfi en sem dæmi má nefna er að hýsing á gögnum er öruggari í Azure en hún er í dag, einnig er afritun gagnanna öruggari. Í Ráðgjafanum er ferill notenda skráður svo notkun kerfisins verður auðveldari og gegnsærri.
- Nýtt kerfi mun einfalda vinnu starfsfólks og íbúa. Starfsfólk fær nútímalegra, fljótvirkar og betra kerfi og íbúar geta unnið sín mál á einfaldan hátt og fengið betri þjónustu.
- Með nýju kerfi fáum við meiri gæði í samræmdari vinnubrögðum og samræmdari gögnum sem skilar af sér minni villuáhættu
- Möguleikar eru á samnýtingu með öðrum sveitafélögum

Næstu skref:

- Halda áfram kortlagningu á heimildargreiðslum með þjónustuhönnuðum.
- Samstilling með Mínunum síðum
- Samstillta gloppugreiningu með verkferlum
- Greining og rýni í hillulausnir fyrir tímabókanir
- Beta útgáfa af Virkni og ráðgjöf til þess að fá endurgjöf.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Óska eftir fjármagni fyrir áframhaldandi þróun Ráðgjafans til þess að komast yfir 3 næstu vörður.
 1. virkni fyrir málaflokk Virkni og Ráðgjafar (vöruþróun) – 37,1 mkr.
 2. net migration ráðgjafans (innviðir) – 10,9 mkr.
 3. tenging Búa og minna síðna (vöruþróun) – 9,3 mkr.

Heildarfjármagn: 57,3 m.kr.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Áætlaður kostnaður: 57,3 m.kr

Skor verkefnisins í Fylkinu: verkefnið hefur ekki verið skorað – kom fyrir verkefnaráði einnig í apríl 2024

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt sem þrjú mismunandi verkefni, miðað við það sem óskað var eftir, gera skal þrjár heimildarbeiðnir. Vörustjóri og stafrænn leiðtogi koma með skýra heildarsýn á verkefnið, það sem búið er að gera og hvað er framundan.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir vörustjóra og stafrænan leiðtoga	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra umbreytinga.	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Hlaðan - kynning

Hlaðan er upplýsingastjórnunarkerfi Reykjavíkurborgar en innleiðing hófst árið 2020 og er Hugvit framleiðandi kerfisins. Árið 2023 lauk innleiðingarverkefni Hlöðunnar og eru notendur um 1500 talsins í dag. Samþættingar við önnur kerfi hafa verið stór hluti vinnu teymisins seinasta árið og verður það rakið hér að neðan.

Stóra myndin

- Hlaðan fór í rekstur hjá Upplýsinga- og tækniþjónustu Reykjavíkurborgar (UTR) árið 2024 og hefur verið unnið í bættum rekstri og þjónustu samhliða þeirri breytingu. Meðal annars hafa ferlar, leiðbeiningar og handbækur verið upfærðar. Hlaðan fer í gjaldskrá á árinu 2025.

Næstu skref

Tengjast m.a:

- Rekstri eins og auðkenning, bætt skjölun, endurskoðun vinnulags í beiðnakerfi Hugvits, ítrun ferla og fleira.
- Samþættingar eins og ný HMS stafræn byggingarleyfi. Umsagnir um rekstrarleyfi hjá Sýslumanni, ítrun á lausn tengd stafrænu pósthólfu og fleira.

Sigrar

- Betra samstarf við Hugvit
- Uppfærslur gengu vel – stöðugra rekstrarumhverfi
- Tenging við stafrænt pósthólf island.is
- Tenging við Saltfisk kláraðist og komst í notkun
- Bættir ferlar

Hindranir

- Samþættingar ganga illa:
 - WebMethods
 - Of mikið af „óútskýrðum“ vandamálum
- Því fleiri samþættingar því flóknara og viðkvæmara í rekstri.
- Hugvit hleypur ekki hratt – þróun og útgáfa lausna tekur langan tíma
 - kjarnavirkni
 - sérlausnir
- Gjaldskrá – flókið verkefni

Umræður verkefnaráðs

Frábær kynning, stórt verkefni og gaman að sjá hvað þetta er vel skipulagt og gott ut anumhald. Mikið af verkefnum sem voru í vanda hér áður en hér er greinilega verið að taka vel ut anum og ná góðum árangri. Mikið hrós til vörustjóra. Gaman að sjá samstarfið með stjórnarráðinu.

Aftur í efnisyfirlit